





Ormurur

Höfundur: Sigríður H. Guðjónsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk



Aðferð:

Æfing í að klippa grunnformin út í efni

Áhöld:

- ✓ Stoppunál
- ✓ Skæri

Efni:

- ✓ Bómullargarn (gott að nota sláturgarn)
- ✓ Afgangslísefni eða filtefni
- ✓ Sogrör
- ✓ Perlur
- ✓ Pappi í snið


Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Finnið skæri, penna, pappasnið af grunnformunum og afgangsefni.
- 2 Teiknið eftir formunum á efnið.
- 3 Klippið út samtals 16 efnisbúta.
- 4 Náið í stoppunál og garn.
- 5 Þræðið garnið í gegnum nálaraugað og setjið hnút á endann.
- 6 Þræðið svo einn efnisbút og einn rörbút til skiptis þangað til allir bútarnir eru búnir. Endið á röri.
- 7 Þræðið höfuðið á síðast.
- 8 Veljið tvær perlur fyrir augu og festið þær á höfuðið.
- 9 Gangið frá enda með því að þræða aðeins til baka í orminn.

Muna eftir að halda rétt á skærunum.

Klippið

- hring,
- ferning eða
- ▽ þríhyrning



Vinnulýsing fyrir kennara

Þetta verkefni þjálfar nemendur í því að halda á skærum rétt og klippa út efni eftir formi.

- ✓ Útbúið snið úr stífum pappa af grunnformunum ferningi, hring og þríhyrningi.
- ✓ Gott að hver og einn nemandi hafi 3 form.
- ✓ Nemendur teikna á efnið öll formin og klippa svo 16 búta.
- ✓ Klippið sogrörið niður í u.þ.b. 2 cm búta.
- ✓ Nemendur þræða grófa nál, hafa garnið tvöfalt með hnút á endanum og þræða svo til skiptis einn bút og eitt rör.
- ✓ Endið á því að þræða eitt formið úr stífum pappa (t.d. þríhyrning) sem haus. Hægt að stinga í gegnum það og þræða tvær perlur á sem augu.
- ✓ Nemendur geta líka teiknað andlit sjálfir.

